

Fundargerð
Fundur þróunarsamvinnunefndar 7. nóvember 2025
Kl. 9:00 – 11:00 í utanríkisráðuneytinu og á Teams

Mætt:

Stella Samúelsdóttir, formaður þróunarsamvinnunefndar, Þór Ásgeirsson (GRÓ FTP), Irma Erlingsdóttir (GRÓ GEST), Kolbrún Áslaugar Baldursdóttir (Flokkur fólksins), Sveinn Óskar Sigurðsson (Miðflokkur), Dagbjört Hákonardóttir (Samfylking), Ingvar Þóroddsson (Viðreisn), Birna Þórarinsdóttir (UNICEF), Kolbrún Pálsdóttir (Barnaheill), Kristín Ólafsdóttir (Hjálparstarf kirkjunnar), Sara McMahon (UN Women Ísland) og Sólrún María Ólafsdóttir (Rauði krossinn á Íslandi).

Fulltrúar utanríkisráðuneytisins: Elín R. Sigurðardóttir, Pálína B. Matthíasdóttir, Ósk Sturludóttir og Oddur Ingi Nyborg Stefánsson.

Nefndarritari: Kolbeinn Arnarson.

1. Fundur settur (9:06)

Fundur var settur kl. 9:06. Fundargerð síðasta fundar frá 17. október 2025 var samþykkt með einni orðalagsbreytingu við bókun nefndarmanns.

2. Hlutverk nefndarinnar og störf hennar (9:08)

Stella Samúelsdóttir, formaður þróunarsamvinnunefndar, fór yfir hlutverk nefndarinnar, störf og verklag út frá lögum um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 121/2008, þar sem í þriðju og fjórðu grein er fjallað um skipan og hlutverk hennar. Skapaðist umræða um störf nefndarinnar og hvaða áhrif nefndin hafi á stefnumörkun í málaflokknum. Áréttaði formaður að nefndin heyri undir utanríkisráðherra og sé honum til ráðgjafar við stefnumarkandi ákvarðanatöku um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands. Einnig hafi nefndin það hlutverk að fylgjast með framkvæmd stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands sem er samþykkt til fjögurra ára í senn. Loks skuli nefndin fjalla um stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu og aðgerðaáætlun þar að lútandi, framlög til þróunarsamvinnu, val á samstarfslöndum, þátttöku Íslands í starfi alþjóðastofnana á sviði þróunarsamvinnu, sem og helstu skýrslur um árangur í þróunarsamvinnu.

Tók formaður sem dæmi að nefndin hafi sett sitt mark á stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2024-2028, hafi haldið daglangan vinnufund og komið áherslum sínum á framfæri við ráðherra ásamt því að umsögn nefndarinnar hafi fylgt tillögu til þingsályktunar um stefnuna. Hafi til dæmis verið lögð áhersla á að markmiðið um að framlög til opinberrar þróunaraðstoðar nemi 0,7% af vergum þjóðartekjum rati í stefnuna sem og að framlög hækki á gildistíma hennar. Formaður áréttaði að fulltrúar í nefndinni væru tilnefndir sem sérfræðingar á sviði þróunarsamvinnu og komi fram sem fulltrúar þeirra þingflokka, samtaka og annarra sem tilnefna þau til setu í nefndinni. Formaður áréttaði það verklag sem hafi komist á að í kjölfar hvers fundar upplýsi hún utanríkisráðherra með minnisblaði um hvaða mál hafi verið rædd og

hvernig þau tengist stefnumörkun á sviði alþjóðlegrar þróunarsamvinnu. Loks kom fram að nefndin skuli samkvæmt lögum funda tvisvar á ári með ráðherra og lagði formaður jafnframt til að fundir nefndarinnar yrðu að jafnaði fimm til sex sinnum á ári. Gert er ráð fyrir að fundur með ráðherra verði 19. desember næstkomandi.

3. Umræður (9:18).

Undir umræðum benti nefndarmaður á að í fundargerðum nefndarinnar sem finna mætti á vefsíðu ráðuneytisins, væri vísað til starfsreglna sem nefndin hefði sett sér, og óskaði eftir að fá þær afhentar. Hann nefndi jafnframt að það væri mikilvægt að fundargerðir nefndarinnar væru lýsandi fyrir hvað fari fram á fundum hennar, og vísaði því til stuðnings til mála sem hafa farið til umboðsmanns Alþingis. Hann sagði að samkvæmt stjórnsýslulögum væri það réttur nefndarmanna að fá mál á dagskrá og vísaði þar í umræðu á fyrri fundi. Þá velti hann því upp hvort ekki væri ástæða til að endurskoða umboð nefndarinnar í ljósi þess að hún væri að verða 10 ára gömul. Hann velti því upp hvort ekki væri rétt að skipta henni í þrennt þannig að fjallað yrði aðskilið um þróunarsamvinnu, mannúðarmál og málefni flóttafólks og hælisleitenda. Vildi hann meina að umfjöllun um þessa þrjá málaflokka á einum vettvangi yrði til þess að samkeppni skapaðist um fjármagn. Hann sagði að þegar Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ) hafi sameinaðist utanríkisráðuneytinu hafi fylgt henni umtalsvert fjármagn sem mikilvægt væri að héldist hjá málaflokki þróunarsamvinnu en væri ekki nýtt til annarra verkefna ótengdum þróunarsamvinnu innan ráðuneytisins.

Fulltrúi ráðuneytisins benti á að hlutfall framlaga til tvíhliða þróunarsamvinnu af heild hafi ekki breyst eftir að ÞSSÍ sameinaðist utanríkisráðuneytinu og væri um þriðjungur heildarframlaga. Nefndi hann jafnframt að framlög til neyðar- og mannúðarmála hafi aukist vegna vaxandi neyðarástands víða. Hann áréttaði loks að framlög alþjóðlegrar þróunarsamvinnu væru á sérstökum fjárlagalið, þannig að ekki væri svigrúm til að nýta þau framlög til annarra og ótengdra verkefna. Auk þess væri rík upplýsingaskylda um hvernig framlögum þróunarsamvinnu væri varið og benti á vefinn opinaid.is, sem og vefsvæði Þróunarsamvinnunefndar OECD (DAC), þar sem hægt er að nálgast upplýsingar um framlög aðildarríkjanna.

Annar nefndarmaður benti á að fulltrúar félagasamtaka í nefndinni væru frá samtökum sem sinni bæði mannúðarmálum og þróunarsamvinnu, ásamt því að einhver þeirra sinni jafnframt málefnum umsækjenda um alþjóðlega vernd. Þannig myndi aðskilnaður nefndarinnar í þrennt auka flækjustig og draga úr skilvirkni. Var einnig bent á að þessir þrír málaflokkar fari vel saman þar sem margar ef ekki flestar þær mannúðarkrísur í dag séu tilkomnar vegna samblands átaka og náttúruhamfara sem kalli á heildræna nálgun framangreindra málaflokka sem og að oft er talað um óskýrar línur á milli þróunarsamvinnu og mannúðarstuðnings.

Þriðji nefndarmaður benti á að stjórnsýslulög gildi um þróunarsamvinnunefnd og í því ljósi ekki nauðsynlegt að setja sérstakar verklagsreglur um störf nefndarinnar. Var því velt upp hvort fulltrúar þingflokka Alþingis í þróunarsamvinnunefnd væru jafnframt kjörnir þingmenn. Kom fram að hæfi allra nefndarmanna hefði verið kannað í tengslum við tilnefningu fulltrúa og að í samræmi við grein 3(b). laga um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 121/2008 sé tiltekið að hver þingflokkur sem eigi sæti á Alþingi skuli tilnefna einn fulltrúa. Þar sé ekki tilgreint með skýrum hætti að viðkomandi beri að vera kjörinn fulltrúi, heldur tilnefndur af þingflokki. Spannst töluverð umræða um skipan fulltrúa og hvernig staðið hafi verið að því að kanna hæfi

hvers og eins út frá skilningi laganna. Var því jafnframt velt upp hvers konar rannsókn væri gerð á hæfi nefndarmanna, og gerði upphafsmaður umræðunnar athugasemd við að hæfi hans hefði verið kannað sérstaklega. Áréttaði fulltrúi ráðuneytisins að hæfi hvers og eins væri kannað sem hluti af góðum stjórnsýsluháttum.

4. Héraðsnálgun og val á nýjum samstarfshéruðum (9:45)

Pálína B. Matthíasdóttir, deildarstjóri tvíhliða þróunarsamvinnu, kynnti héraðsnálgun og val á nýjum samstarfshéruðum. Fram kom að íslensk stjórnvöld hafa um árabíl unnið á grunni héraðsnálgunar í tvíhliða samstarfslöndum Íslands, Malaví og Úganda, og að verið sé að undirbúa héraðsnálgun í Sierra Leóne, nýjasta samstarfslandinu. Sagði hún unnið út frá þróunaráætlunum stjórnvalda, með völdum héruðum, í samstarfi við þau ráðuneyti sem fari með efnahags- og félagslega þróun í landinu. Rík áhersla sé lögð á eignarhald heimamanna og að fulltrúar sendiráða Íslands í samstarfslöndum veiti þeim stuðning og hafi eftirlit með undirbúningi og framkvæmd verkefna. Hún sagði að í samæmi við stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2024-2028, sé lögð áhersla á að vinna með fátækum samfélögum, til að mynda strandbyggðum, og jaðarsettum samfélögum á afskekktum svæðum með áherslu á að efla grunnþjónustu á sviði menntunar, vatns og hreinlætismála og heilbrigðismála, sérstaklega mæðra- og ungbarnavernd. Mannréttindi og jafnrétti kynjanna og loftlags- og umhverfismál væru jafnframt bæði sértæk og þverlæg málefni.

Kom fram að héraðsnálgunin henti íslenskum stjórnvöldum vel þar sem auðveldara sé fyrir tiltölulega lítið framlagsríki eins og Ísland að vinna á héraðsstigi en á landsvísu. Auk þess sé með héraðsnálguninni auðveldara að hafa eftirlit með verkefnum og tryggja áþreifanlegan árangur. Sagði hún að í héraðsnálgun felist meðal annars stuðningur til að byggja upp getu starfsfólks héraðanna til að sinna verkefnaundirbúningi og -framkvæmd, sinna eftirliti, -fjárumsýslu og bæta árangursstjórnun. Héraðsnálgunin styðji við eignarhald, og tryggi mótframlag þeirra, gagnkvæma ábyrgð og dragi úr spillingaráhættu.

Fram kom að stjórnvöld í Malaví og Úganda hafa farið þess á leit að farið verði í samstarf við fleiri héruð, og að fyrr á árinu hafi verið leitað eftir áhuga héraða í báðum löndum um samstarf. Fulltrúar sendiráðs og þróunarsamvinnuskrifstofu, ásamt fulltrúum stjórnvalda í báðum löndum hafi nú rýnt umsóknirnar út frá skilgreindum mælikvörðum, s.s. staðsetningu (strandhéruð), fjölþættri fátækt, framkvæmdargetu og öryggi. Stefnt sé að því að efna til samstarfs við fleiri héruð til skemmri tíma, um þrjú ár, frekar en að velja eitt hérað til lengri tíma. Í því felist hvatning um árangur á milli héraða, sem auki sveigjanleika.

Að lokum sagði Pálína frá tillögum að nýjum samstarfshéruðum í Úganda og Malaví og reifaði tækifæri og áskoranir í samstarfi við hvert hérað fyrir sig.

5. Umræður (10:10)

Nefndarmaður benti á mikilvægi skilvirkni, hagræðingar og samnýtingar í þróunarsamvinnu þannig að fjármagn nýtist sem best. Hann vísaði í því samhengi til skýrslu Þóris Guðmundssonar frá 2014 og spurði hvernig ráðuneytið hafi nýtt þá skýrslu. Sagði fulltrúi ráðuneytisins að flest af því sem fram komi í skýrslunni hafi nýst vel og að margt hafi verið tekið til framkvæmda á síðastliðnum 10 árum.

Spurt var um aðgang barna að menntun í tengslum við val á nýjum samstarfshéruðum og kom fram að sá þáttur væri hluti af fjölþáttamælikvarða sem notaður sé til þess að leggja mat á félagslega þætti héraða.

Spurt var um áherslur stjórnvalda á strandbyggðir, þar sem það kunni að útiloka fátækari héruð. Kom fram að áhersla á strandbyggðir tengist áherslum og sérþekkingu Íslands á fiskveiðum, sem eigi sér langa sögu. Í öllum þremur samstarfslöndum Íslands séu strandbyggðir þess fyrir utan oftast meðal fátækustu samfélaga landanna.

Spurt var hvort til greina kæmi að minnka yfirbyggingu í samstarfslöndunum til þess að tryggja að fjármunir skiluðu sér betur til málefna og verkefna. Sagði fulltrúi ráðuneytisins að mikilvægt væri að tryggja undirbúning, framkvæmd og eftirlit með verkefnum og til þess þyrfti fólk á vettvangi. Fram kom að í hverju sendiráði eru þrír útsendir starfsmenn, forstöðumaður, verkefnastjóri og í tilfelli Úganda og Síerra Leóne fjármálafulltrúi, en í Malaví annar verkefnastarfsmaður. Auk þess sé innlent starfsfólk, bæði sérfræðingar og fólk sem sinni stoðþjónustu. Aukin áhersla sé jafnframt á pólitísk tengsl og samtal við stjórnvöld sem þurfi að sinna. Fari mönnun eftir stöðu verkefna og áherslum.

6. Kynning á nýliðnum ársfundum Alþjóðabankans (10:25)

Oddur Ingi Nyborg Stefánsson, sérfræðingur á deild fjölþjóðlegrar þróunarsamvinnu, greindi frá nýliðnum ársfundum Alþjóðabankans. Alþjóðabankinn, sem er stærsti alþjóðlegi þróunarbanki í heimi, samanstendur af fimm undirstofnunum: Alþjóðabankanum til enduruppbyggingar og framþróunar (IBRD), Alþjóðaframfarastofnuninni (IDA), Alþjóðalánastofnuninni (IFC), Fjölþjóðlegu fjárfestingaábyrgðarstofnuninni (MIFA) og Alþjóðastofnuninni um lausn fjárfestingadeilna (ICSID). Sagði hann íslensk stjórnvöld taka þátt í stjórn bankans í gegnum kjördæmi Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna. Auk þess styðji stjórnvöld við starf samstarfssjóða innan bankans, sem vinna að málefnum sem samræmast áherslum íslenskra stjórnvalda í þróunarsamvinnu.

Fjármálaráðherra, sem er varafulltrúi utanríkisráðherra í stjórn bankans tók þátt í hringborðsumræðum um málefni Úkraínu þar sem rætt var um þarfir Úkraínu og stuðning framlagsríkja. Hann tók jafnframt þátt í fundi kjördæmis Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna, sem er samtal ráðherra kjördæmisins um mál sem eru í brennidepli, þ.m.t. fund þróunarsamvinnunefndar bankans. Fram kom að að þessu sinni hafi gestur fundarins verið Axel von Trotsenberg, sem er einn af æðstu stjórnendum bankans, og gafst ráðherrum færi á að ræða málefni bankans og mál sem eru efst á baugi á alþjóðavettvangi og tengjast bankanum við hann. Auk þess funduðu fulltrúar ráðuneytisins með fulltrúum sjóða og verkefna á vegum bankans, sem og tók sérfræðingur ráðuneytisins þátt í ársfundi Alþjóðaframfarastofnunarinnar (IDA) sem fram fór í kjölfar ársfundanna. Þeir sjóðir sem stjórnvöld styðja eru um málefni hafsins, orkumál, jafnréttismál, mannréttindi, konur og viðskipti, málefni Úkraínu og málefni hinsegin fólks.

IDA er sú stofnun Alþjóðabankans sem styður sérstaklega við fátækustu ríki heims með hagstæðum lánum og styrkjum.

7. Umræður (10:45)

Spurt var í hverju samstarf á vettvangi Alþjóðabankans fælist, og kom fram að Ísland starfar í kjördæmi Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna, þar sem stöðugt er unnið að samræmingu málefnastarfs um mál sem fara fyrir stjórn bankans. Hann sagði utanríkisráðuneytið vera í

stöðugu samtali við skrifstofu kjördæmisins og hin ríki þess, þar sem afstaða sé mótuð. Kom fram að ekki væri tekin afstaða í öllum málum heldur lögð áhersla á að rýna þau gögn sem snerta áherslur Íslands og stefnu. Kom fram að fulltrúi kjördæmisins, að þessu sinni Svíþjóðar, á sæti í stjórn og ber ábyrgð á samræmingu og kemur afstöðu kjördæmisins á framfæri í stjórn. Ísland hefur í þriggja átt framkvæmdastjórasætið, síðast júlí 2019 til júlí 2021.

Spurt var hvort ríki geti notað IDA lán til þess að endurfjármagna skuldir þar sem afborganir lána séu oft stærsti útgjaldaliður þróunarríkja. Kom fram að IDA lán eru ekki ætluð til þess að endurfjármagna lán heldur styðja við grunninnviði landa. Umræða um endurfjármögnun lána þróunarríkja fari fram á milli Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Rætt var um hvaða áhrif niðurskurður á framlögum stórra framlagsríkja til þróunarsamvinnu hafi haft á bankann, og kom fram að hann hafi ekki haft eins mikil áhrif á bankann og á starfsemi Sameinuðu þjóðanna. Hafi Bandaríkin til að mynda ekki dregið sig út úr Alþjóðabankanum, en að afstaða þeirra sé að taka ekki eins virkan þátt í starfi bankans og málefnaáherslum og áður. Hins vegar hafi framlög til margra sjóða Alþjóðabankans dregist saman vegna niðurskurðar Bandaríkjanna og annarra ríkja.

Spurt var hvort íslensk stjórnvöld geti skilyrt fjármagn til Alþjóðabankans eða ráðið því hvert það fari. Kom fram að það sé ákveðið jafnvægi milli þess að viðtökuríkin geti forgagnsraðað sinni eigin þróun og að koma fjármagni í afkastamikil verkefni innan tiltekinna geira. Raunar sé þetta grundvallarspurning í þróunarsamvinnu og tengist umræðum og samtali við þróunarríkin á jafningjagrunni.

8. Önnur mál (10:56)

Greint var frá viðburðum sem snúa að þróunarsamvinnu sem eru á döfinni. Nefndarmönnum var boðið að sækja alþjóðlegt málþing um konur, frið og öryggi mánudaginn 10. nóvember og aukafund þróunarsamvinnunefndar með jafnréttis- og barnamálaráðherra Síerra Leóne, Dr Isata Mahoi, miðvikudaginn 12. nóvember.

Þá var greint frá fundarboði á fund þróunarsamvinnunefndar með utanríkismálanefnd 27. nóvember. Á þeim fundi verði fjallað um þrennt: starf og hlutverk nefndarinnar, aðför að málefnum þróunarsamvinnu og samdrátt á heimsvísu á framlögum til opinberrar þróunaraðstoðar og mikilvægi tengsla þróunarsamvinnu við frið- og öryggi. Jafnframt verði rætt um mikilvægi þess að nefndarfólk þróunarsamvinnunefndar og utanríkismálanefndar fari á vettvang til að kynna sér árangur starfs í þróunarsamvinnu Íslands.

Þá færði fulltrúi Miðflokks í nefndinni, til bókar að hann hafi afhent formanni og nefndarmönnum skýrslu sem hann hafi fengið frá sendiráði Ísrael í Noregi um tengsl UNRWA og Hamas.

Þá vakti fulltrúi félagasamtaka í nefndinni athygli á álitssgerð frá Alþjóðadómsstólnum sem viðbragð við skýrslunni í bókun Sveins. Sami nefndarmaður lagði til að rætt verði við utanríkismálanefnd um að hækkun framlaga til þróunarsamvinnu sé ekki í samræmi við markmið stjórnvalda í ár.

Fundi slitið kl. 11:02.